

Lesefni við lokahátíð
upplestrarkeppninnar
í 7. bekk
2023–2024



Skáld keppninnar

Björk Jakobsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur til flutnings á lokahátíð upplestrarkeppni í 7. bekk vorið 2024.
Búningur sögunnar eftir Björk Jakobsdóttur er miðaður við munnlegan flutning.

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi kynningu á Björk Jakobsdóttur eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Braga Valdimar eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð segir kynnir í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað og gætir þess að sem best samhengi fái í flutninginn.

Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftar og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð,
flytjendur þeirra og röð

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Fyrsta umferð:

Svipmyndir úr skáldsögunni *Hetja* eftir Björk Jakobsdóttur.

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar eru þau Björk Jakobsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason.

Björk Jakobsdóttir fæddist árið 1966 og er leikkona, leikskáld og leikstjóri og einn stofnenda Hafnarfjarðarleikhússins og Gaflaraleikhússins. Hún hefur leikstýrt fjölda vinsælla sýninga, bæði fyrir börn og unglinga og er höfundur margra þekktra leikgerða.

Björk hefur stundað hestamennsku frá unga aldri og vann úr þeirri reynslu í bókinni *Hetja* sem varð fyrir valinu þetta árið í Stóru upplestrarkeppninni. Bókin kom út árið 2020 og hefur notið mikilla vinsælda og var tilnefnd til Bókaverðlauna barnanna.

Við heyrum nú lesna nokkra kafla úr bókinni og kynnumst hryssunni *Hetju* sem í upphafi er skelfingu lostin þegar svarta hyldýpið flytur hana á brott. Björg, besta vinkona hennar, er gráti nær þegar hún finnur hana ekki í haganum en þær vilja helst alltaf vera saman. *Hetja* er æsispennandi saga um vináttu stúlku og hryssu og baráttu þeirra fyrir að finna hvor aðra aftur.

Þá má geta þess að bókin *Eldur*, sem er sjálfstætt framhald af *Hetju*, kom út á haustdögum.

Góða skemmtun!

1. Hyldýpið

Ég horfi inn í svart hyldýpið. Mennirnir reka okkur áfram með ópum og óhljóðum. Ég á ekki að fara með þeim. Þeir hljóta að sjá að þetta er bara misskilningur.

Ég leita að undankomuleið en í hvert skipti sem ég reyni að fara lyfta þeir einhverju löngu sem minnir á trjágrein og lemja mig.

Pabbi, mamma og hinir í fjölskyldunni standa hinum megin við girðinguna og kalla á mig. Ég kalla til baka af öllum lífs og sálar kröftum.

– EKKI LÁTA ÞÁ TAKA MIG!

Mamma hleypur fram og til baka með fram girðingunni og reynir að fá þá til að hlusta. Ég finn að allir vöðvar spennast og vilja bara flýja. Hvernig sem ég reyni að nálgast mennina virðast þeir ekki skilja mig, eða vilja ekki skilja mig. Af hverju eru þeir svona reiðir?

Ég hefði ekki átt að fara undir girðinguna. Það virðist bara vera svo gaman hinum megin. Ég ætla aldrei aftur að fara undir girðinguna, lofa ég og geri enn eina tilraun til að komast fram hjá mönnunum og heim.

Ég sé út undan mér að Glymur pabbi leitar að leið í gegnum girðinguna til að hjálpa mér.

Nú koma allir mennirnir og mynda vegg með öskrum og barsmíðum.

2.

Ég horfi yfir til fjölskyldunnar minnar og kalla í síðasta skiptið en ég veit að ég er búin að tapa. Það er engin leið nema inn í svartholið.

Bless, pabbi. Bless, mamma. Bless, Hróður. Bless, Sól og Brynja. Bless, Klettur og Þróttur.

Ég feta hikandi upp rampinn en það er engin miskunn og prikið er rekið í rassinn á mér. Ég endasendist inn í myrkrið. Og svo er skellt í lás.

Myrkur

Ég hef aldrei lent í svona miklu myrkri. Myrkrið á veturna er fullt af væntumþykju og samveru. Þetta myrkur er ekkert nema ógn og lífshætta.

Skyndilega tekur svartholið kipp og veltur af stað. Hvert sem ég sný mér fæ ég spark. Ég titra og skelf og reyni að taka eins lítið pláss og ég get. Hjartað hamast í brjóstinu á mér og ég er löðursveitt af ótta. Ég verð að komast út úr hópnum og út í horn.

Þegar ég fór norður yfir Kjöl í sumar kenndi fjölskyldan mér að ef við erum með ókunnugum eigum við alltaf að fara út fyrir hópinn og gefa þeim sem ráða plássið í miðjunni. Ég þarf að sýna að ég kunnir reglurnar og þá hætta þau kannski að sparka í mig.

3.

Ég byrja að mjaka mér í gegnum þvöguna. Ég er bitin í eyrað og kveina upp yfir mig. Það virðist hræða þá sem næstir mér eru og skyndilega myndast dálítið pláss sem ég treð mér í gegnum og út í horn.

Loftið er þungt og lyktar af ótta. Mér finnst ég vera að kafna. Fyrir ofan mig tek ég eftir litlu gati með rimlum. Ég teyggi mig upp og legg snoppuna að rimlunum.

Svalt kvöldloftið flæðir inn um nasirnar og kunnuglegur ilmur heimahaganna huggar mig ögn. Ég loka augunum og greini lyktina. Nú rúllum við niður hamrabrekkuna, ég þekki sæta angan af berjalynginu, krækiberin eru orðin fullþroska. Krækiber eru uppáhaldsnammið mitt.

Ég lími snoppuna við rimlana og saga að mér safaríkan ilminn af nýslegnu grasi. Nýslegið gras með sóleyjum og puntstráum er besta sumarlykt í heimi. Þetta er seinni slátturinn og nammigóðar heyrúllur staflast upp fyrir veturinn.

Nú förum við framhá Steinslæknum og þar endar heimurinn minn. Ég heyri hófatakið og köllin í fjölskyldunni minni þar sem þau hlaupa öll meðfram girðingunni eins langt og þau komast.

Bless, elsku fjölskyldan mín ... í bili ... Ég ætla að koma aftur heim. Ég skal komast aftur heim.

4. Hetja er týnd

- Mamma, mamma, ég finn ekki Hetju.
- Er hún ekki bara niðri í mýri? segir mamma annars hugar á meðan hún tínir matinn upp úr kæliboxinu.

Við vorum að koma af ættarmóti á Egilsstöðum og það var geðveikt skemmtilegt en það er ekki skemmtilegt að finna ekki Hetju. Hún er von að koma hlaupandi þegar við komum. En nú komu allir hestarnir nema Hetja.

- Af hverju ætti hún að vera ein niðri í mýri? segi ég og hnykla brýnnar.

Mamma getur stundum verið svo pirrandi.

Reyndar getur allt verið dálítið pirrandi þessa dagana. Mamma segir að það sé af því að ég sé orðin unglingur en ég held að það sé af því að fólk er alltaf að segja svo heimskulega hluti, eins og til dæmis að Hetja sé ein niðri í mýri.

Ég veit alveg að það er ekki rétt en ákveð samt að fara að gá að henni. Píla, border collie-tíkin okkar, eltir himinlifandi og tilbúin í fjörið. Við hlaupum fram hjá þrautabrautinni sem pabbi smíðaði fyrir okkur Hetju. Ég finn á mér að eitthvað hræðilegt hefur gerst.

Minningar um Hetju hellast yfir mig á meðan ég hleyp eins og fætur toga yfir hagann í átt að mýrinni. Er ég kannski að búa til minningarorð í huganum af því að ég veit að hún er dain?

5.

– Það er alveg bannað að deyja, Hetja, heyrirðu það? tuða ég og held áfram að hlaupa.

Ég man þegar Hetja fæddist fyrir fimm árum. Ég man hvernig ég ruddist inn í svefnherbergi og vakti mömmu eldsnemma.

– Mamma, mamma! Aska er búin að kasta. Aska er búin að kasta og folaldið er vanskapað.

Ég hristi mömmu kröftuglega.

– Ha! Hvað meinarðu? umlaði mamma í svefnrofunum.

– Já, það koma þræðir út úr hófunum á því og það getur ekki staðið upp. Pabbi, pabbi!

– Hvað? hrópar pabbi. Hann rauk upp með andfælum og tók nokkur karatehögg út í loftið. – Hvað er að?

Hann brölti á fætur og byrjaði að kyrja afmælissönginn af laglausri skyldurækni.

– Hún á afmæli í dag, hún á afmæli í dag, hún er tíu ára hún Björg.

Ég steinþagnaði. Já, ég var alveg búin að gleyma því. Ég átti afmæli og fékk vanskapað folald í afmælisgjöf, þetta var ömurlegur afmælisdagur.

– Nei, folöld mega líka vera fötluð, sagði ég stundarhátt – og ég ætla að elska það ofboðslega mikið.

– Hvað meinarðu að folaldið sé fatlað? sagði mamma sem var nú loksins vöknuð.

6.

– Ég var að segja það! Það standa svona kolkrabbapræðir út úr hófunum á því og það getur ekki staðið á fætur.

– Elskan mín, það þýðir bara að merin hefur verið nýbúin að kasta og ekki búin að kara folaldið almennilega. Öll folöld eru með svona þræði út úr hófunum þegar þau fæðast.

– Hvað þýðir að kara? spyr ég.

– Það þýðir að merin sleikir fæðingarbelginn af folaldinu áður en hún rekur það á fætur.

– Hvað er fæðingarbelgur? spyr ég aftur óþolinmóð.

– Það er belgurinn sem umlykur öll afkvæmi í móðurkviði, svaraði mamma og smellti sér í vinnugallann yfir náttfötin.

– En drífum okkur út og kíkjum á afkvæmið.

Mummi, ætlaðu með?

Pabbi stóð á miðju eldhúsgólfinu og klóraði sér í skegginu.

– Hvar setti ég myndavélina? Var ég ekki örugglega búinn að hlaða batteriíð? Halla, hefurðu séð myndavélina?

– Mummi, hvernig væri að sleppa myndavélinni og setja minninguna á harða diskinn í heilanum í staðinn?

Einhvers staðar hneggjjar hestur. Ég hrekk upp úr ljúfum endurminningum og píri augun út yfir hagann en þar er ekkert að sjá, bara endalausar þúfur.

Hvar ertu, elsku Hetja?

7.

Ég man hvað ég var æst þegar ég dró mömmu á þessa þúfu til að kíkja á folaldið.

Þarna stóð elsku Aska með folaldið sitt sem var staðið á fætur og saug mömmu sína. Hún horfði á okkur montin og hvergi hrædd.

– Það er ekkert vanskapað, hvíslaði ég að mömmu þegar ég horfði á folaldið.

– Nei, það er fullkomið, hvíslaði mamma til baka og hastaði á Pílu, sem hafði elt okkur og gerði sig nú líklega til að reka Ösku og folaldið til okkar.

Píla er undan Íslandsmeisturum í smalamennsku og heldur að lífið gangi út á að halda öllum saman í hóp.

– Nei, Píla! LEGGSTU.

Píla hlýddi um leið.

Það er eins og mamma hafi einhver galdraáhrif á hana. Það er sama hvað hana langar mikið til að smala, ef mamma notar hundaröddina og segir „leggstu“ þá fleygir hún sér beint á magann. Ég skil Pílu reyndar vel því að allir í fjölskyldunni hlýða þegar mamma notar hundaröddina.

Við settumst á næstu þúfu og virtum kraftaverkið fyrir okkur.

– Af hverju missti ég? stundi pabbi lafmóður þar sem hann kom arkandi með myndavélina og þrífótinn.

– Við höfum eignast fullkomið folald, sagði mamma. Og það er brúnt.

8. Gamli nýi vinur

Við hossumst áfram í myrkrinu. Ég reyni að standa kyrr svo ég missi ekki plássið mitt en það er erfitt því að svarta hyldýpið veltur fram og til baka og það er strembið að halda jafnvægi.

Ég hef oft verið í hestakerru en það hefur aldrei verið neitt þessu líkt. Það hafa verið kerrur þar sem hvert hross fær sitt pláss, með mörgum opum sem hleypa inn lofti og ljósi. Hér köstumst við hvert á annað í svartamyrkri. Ég rekst á hest við hliðina á mér sem hvíar reiðilega og heggur tönnunum í bakið á mér.

– Á Á iii!

Gamall rauður klár hinum megin við mig hvíar reiðilega til baka og ég bý mig undir að fá tennur í hrygginn þeim megin líka. En hann teygir sig yfir mig og heggur í átt að klárnum sem var vondur við mig. Svo mjakar hann sér fram hjá mér með rassinn á undan og gefur honum vænt spark með afturfætinum. Bitvargurinn gerir sig lítinn og auðmjúkan

Takk, gamli nýi vinur!

Ég reyni að snúa mér að honum til að þakka honum fyrir en ég er ekki vön að hreyfa mig í svona miklum hristingi og velt út í horn. Ég geri mig eins litla og ég get og teygi snoppuna upp að litla rimlagatinu til að anda.

9.

Lyktin af náttúrunni róar mig aðeins. Ef ég gat lært að hlaupa í þúfunum heima, sem voru einu sinni stærri en ég, þá get ég lært að standa í einu skitnu hyldýpi. Myndir úr heimahaganum seytla um líkamann og róa mig aðeins.

Vá! Hvað það var gaman að hlaupa.

Ég man ... að ef ég tók gott tilhlaup gat ég stokkið yfir stærstu þúfuna. Fyrst kútveltist ég oft en svo lærði ég að lyfta löppunum rétt og þá gat ég þotið yfir allt sem ég sá.

Ég man ... þegar Aska mamma elti mig um allt og þegar ég stoppaði loksins sofnaði hún standandi. Þá fékk ég mér mjólkursopa og blund og þaut svo aftur af stað.

Við erum átta í stóðinu mínu. Það er ég, Aska mamma og Glymur, pabbi og foringi. Hann passar okkur þegar það koma ókunnugir hestar. Hann er líka aldursforsetinn. Alveg eldfjalla-gamall. Svo eru það Hróður, Brynja og Sól sem eru fullorðin líka. En Þróttur og Klettur eru yngri en ég og nenna oft að leika við mig og fara með mér í könnunarleiðangra. Þeir eru algerir trippa-vitleysingar, báðir tveir.

Glymur og Hróður leika sér líka stundum en merarnar leika sér ekki neitt. Þær éta bara og horfa svo út í fjarskann.

10.

Svo á ég líka þrjá mannaforingja, Höllu, Björgu og Myndavélina. Þau eru öll góð. Björg er svona stelpuþrippi sem hleypur stundum með mér og það er góð lykt af henni. Hún gefur mér líka oft eitthvert gotterí.

Halla er meira eins og merarnar. Hún leikur sér ekki neitt og er alltaf að ala mig upp. Það er svo sem allt í lagi þó að það verði stundum dálítið þirrandi. Eins og þegar hún laumaði á mig einhverju bandi sem sat fast á andlitinu á mér. Þá hoppaði ég og skoppaði um allt og fór og kлагаði í Ösku mömmu en henni virtist bara vera alveg sama.

Núna veit ég að þetta er alveg meinlaust band og ekkert hættulegt. Mannaforingjarnir eru samt öðruvísi en stóðið mitt. Það er stundum erfitt að skilja hvað þeir vilja.

Í stóðinu er þetta mjög einfalt. Fullorðnu hestarnir leggja bara aftur eyrun og segja farðu frá og þá færir maður sig. En mannaforingjarnir vilja vera nálægt manni en samt á maður að færa sig og stundum á maður að færa bara afturhlutann og stundum bara framfæturna. Ég skil ekki af hverju maður má ekki bara færa allan skrokkinn í einu.

11.

En ef ég geri allt rétt fæ ég knús og ég er sko alveg til í að hreyfa mig eins og þau vilja fyrir knúsuklór.

Framfæturnir á mannaforingjunum eru nefnilega fyrirtaks klórur og ná að klóra mér á alls kyns stöðum sem ég næ ekki til sjálf.

Vissuð þið að mannaforingjarnir standa alltaf á afturfótunum og láta framfæturna bara dingla niður? Og framfæturnir á þeim eru pínulitlir. Kannski eru þeir að visna og detta af, af því að þeir eru svo lítið notaðir? Það er eins gott að láta þá kembera sér aðeins til að þeir noti framfæturna eitthvað. Ég væri til í að láta kembera mér allan daginn. Það er það besta sem ég veit.

Stundum setjast mannaforingjarnir á bakið á fullorðnu hestunum og fá far. Það er vinnan okkar. Þá nenna merarnar loksins að hlaupa og ég fæ stundum að hlaupa með. Ég má bara ekki vera fyrir og alls ekki skvetta rassinum að hesti sem er í vinnunni. Þá verður Halla mannaforingi reið og hvíar hátt.

Skemmtilegast finnst mér að bíða þangað til allir eru komnir langt á undan og koma svo á harðastökki eftir þúfunum og monta mig. Þá líta mannaforingjarnir á mig, beygja munnvikin sín upp og kumra mjúklega.

12. Allar góðar vættir

Nú er ég komin niður í mýri og þar er engin Hetja. Píla þýtur fram og til baka og virðist skynja að við séum að leita að einhverju. Ég horfi niður að Steinslæknum í gegnum sjónaukann sem ég tók með mér en sé ekkert nema mýri eins langt og augað eygir.

Ég vissi áður en ég lagði af stað að Hetja væri ekki hérna. Ég veit að hún er hvergi í landinu okkar því að þá væri hún með stóðinu. Ég finn hvernig óttinn læsir klónum í mig þegar ég tek á sprett heim aftur. Það hefur eitthvað hræðilegt komið fyrir. Ég veit það.

Þegar ég hleyp fram hjá þrautabrautinni fæ ég kökk í hálsinn. Við Hetja áttum að fá að keppa í vetur því að þá verður Hetja loksins komin á sjötta vetur og má taka þátt.

Við erum búnar að æfa okkur mjög lengi og Hetja kann allar þrautirnar. Hún getur stokkið yfir allar grindurnar, bakkað upp á plankann og meira að segja opnað hliðið alveg sjálf. Hún rekur snoppuna í lykkjuna og ýtir henni yfir staurinn. Eina vesenið er að hún er líka dugleg að opna alls konar önnur hlið sem hún á ekkert að vera að opna. Ég vona að það sé ástæðan fyrir hvarfinu.

13.

Kannski hefur hún bara opnað eitthvert hliðið og skroppið í ferðalag. Ég skima í kringum mig og sé engin opin hlið.

Kannski langar hana bara að kynnast fleiri hestum, núna þegar hún hefur fengið að hlaupa með stóru stóði? Hetja fékk nefnilega að fara með okkur mömmu í nokkrar hestaferðir í sumar. Þetta var fyrsta sumarið sem hún fékk að vera með stóðinu því núna er hún loksins orðin nógu sterk til að geta hlaupið svona langar vegalengdir. Við fórum í vikuferð yfir Kjöl og líka í Landmannalaugar og Gullna hringinn.

Mér finnst alltaf gaman að fara með mömmu í þessar ferðir og Hetja stóð sig frábærlega. Við riðum henni reyndar ekki lengi í einu af því að hún er enn svo ung en hún sýndi mikið öryggi og sjálfstæði, eins og mamma sagði. Ég reið henni meira að segja einu sinni ein á undan stóðinu og hún óð bara áfram og var ekkert að bíða eftir hinum hestunum.

Mamma ætlar að keppa á Hetju í slaktaumatölti í vetur. Í slaktaumatöltinu má ekkert taka í tauminn en hesturinn á samt að tölta. Hetja gerir þetta með mig líka en ég er ekki orðin jafn örugg og mamma til að keppa á henni.

14. Reiði rúllubagginn

Svarta hyldýpið er loksins farið að hreyfast aftur. Við vorum lokuð hérna inni í alla nótt og höfum ekkert fengið að éta eða drekka. Morgundöggin skilar mér nokkrum dropum inn í gegnum litla rimlaopið og ég sleiki þá af áfergju.

Við hliðina á mér liggur gamli nýi vinur minn sem minnir mig á Glym. Hann lagðist niður í nótt en það er ekki gott að hann liggi núna þegar við hristumst af stað því að þá troða hinir hestarnir hann niður. Mig langar að reka í hann snoppuna og segja honum að standa upp en ég þori það ekki. Ég vil ekki vekja á mér athygli, þá fara hestarnir kannski að bíta mig og slá aftur. Ég reyni þess vegna að senda honum hugskeyti.

Mig langar að launa honum góðvildina því að hann varði mig fyrir hinum hestunum í gærkvöldi og tók fyrir mig mörg spörk og bit. Ég veit ekki af hverju hann gerði það, kannski af því að hann á enga vini hér frekar en ég. Ég ákvað að vera hugrökk og rek í hann snoppuna.

– Á fætur, hneggja ég ákveðin. Hann lítur á mig daufum augum. Ég krafsa í hann með löppinni og neita að gefast upp. – Á lappir með þig, klár.

15.

Nú er ég búin að vekja á mér athygli og hestarnir í kringum mig byrja að verja sitt svæði, glefsa til mín og senda mér rassinn. Ég hætti strax að hneggja og geri mig eins litla og ég get en þetta er það sem Gamli þurfti á að halda. Hann bröltir á fætur og byrstir sig, og neglir svo nokkrum góðum afturendaspörkum í þá sem eru frekastir. Svo kemur hann og hnusar af mér og ég þakka honum blíðlega fyrir hjálpina. Ég finn að hann riðar á fótunum.

– Stattu, Gamli, stattu, kæri vinur. Ég get líka varið þig, kumra ég að honum og rek frekan afturendann á mér að hesti sem sækist eftir plássinu okkar. Við þjöppum okkur saman og einbeitum okkur að því að halda jafnvægi. Hann er greinilega snaróður, reiðmaðurinn sem heldur um taumana á þessari risakerru sem hendist áfram með rykkjum og skrykkjum.

Skyndilega verður hristingurinn meiri. Ég veit af reynslunni að það þýðir að við erum alveg að koma á leiðarenda. Hestakerrur ferðast venjulega á sléttu undirlendi þangað til rétt áður en þær komast þangað sem þær ætla, þá verður vegurinn þúfóttur. Gamli þekkir þetta líka og við hættum að verja okkur og bíðum. Sama gera hinir hestarnir.

16. Tóti glæpur

– Má ekki bjóða þér meira kaffi? segir Þrúður í Fögrubrekku og vaggar sínum breiðu mjöðmum rólega að kaffivélinni. Ég finn hvernig ég er hætt að geta andað fyrir óþolinmæði. Hetja er týnd og við megum engan tíma missa og hér situr mamma bara og þambar kaffi eins og ekkert liggi á.

– Hvað ætlið þið eiginlega að drekka mikið kaffi áður en við komumst að því hvað gerðist? Missi ég reiðilega út úr mér. Mamma hnippir í mig.

– Björg, vertu kurteis.

– Svona, þetta er allt í lagi, segir Þrúður mjúklega og brosir til mín. – Það hlýtur að vera reiðarslag fyrir telpuna að týna þessari úrvals meri. Það fannst ekkert í skurðunum, var það nokkuð? spyr hún.

– Nei, segir mamma.

– Þannig að það er búið að útiloka að merin liggi dauð einhvers staðar á landareigninni, það er gott, segir Þrúður og bætir kaffi í bollann hjá mömmu.

– Hún er ekki dauð, segi ég hvasst.

– Nei, auðvitað ekki, svarar Þrúður hughreystandi. Má bjóða þér pönnuköku, Björg mín?

– NEI, TAKK, BARA ALLS EKKI.

Ég banda henni frá mér með hendinni. Mér finnst vont þegar hún kemur svona inn í plássíð mitt.

Mamma lítur hvasst á mig.

– Mundu reglurnar, Björg.

17. Flóttinn

Ég hneggja í átt að hestunum sem standa í gerðinu fyrir utan. Ég er ein inni í bragganum og það er myrkur. Gamli, sem ég kynntist í hyldýpinu, hneggjar á móti. Mér þykir gott að vita að hann er enn á staðnum.

Gamli og drengja-trippið eru nýju vinir mínir hér á þessum vonda stað. Drengja-trippið laumaði til mín heytuggu en ég get ekkert borðað. Ég hugsa endalaust um að flýja og hef enga ró í beinunum til að njóta tuggunnar. Ég er aftur á móti mjög þyrst en hér inni er ekkert vatn að hafa. Eina leiðin er að sleikja rakt bárujárnið.

Loksins opnast dyrnar og Gamli kemur skokkandi inn. Ég hleyp til hans fegin. Við leggjum saman snoppurnar og kumrum blíðlega hvort til annars. Mikið er gott að sjá hann aftur.

Nú opnast dyrnar að nýju og inn kemur móalótt meri með brúnskjótt folald. Merin er mjög æst og hleypur horna á milli með folaldið sem er agnarsmátt. Við færum okkur kurteis frá til að gefa þeim pláss. Merar með folöld fá alltaf það pláss sem þær vilja, þannig eru reglurnar.

Folaldsmerin er tortryggin og hleypir okkur í fyrstu hvergi nærri folaldinu en eftir að við gefum henni merki um að við virðum foringjatign hennar mildast hún og leyfir okkur smám saman að koma nær.

18.

Enn opnast dyrnar og nú koma mennirnir inn.

„JÆJA, ÞETTA ER ÞAÐ SEM VIÐ ÆTLUM AÐ LOSA OKKUR VIÐ! NONNI, VARSTU BÚINN AÐ PANTA Í SLÁTURHÚSIÐ?“

Rúllubagginn tekur miðjuplássið í skemmuni eins og sá sem öllu ræður. Maðurinn sem kom inn með honum er greinilega mjög neðarlega í stóðinu og fær lítið að bíta því að hann er grannur eins og girðingarstaur. Hann tvístigur og horfir undirgefinn á foringjann.

„Ég pantaði tvö pláss, fyrir gamla klárinn og truntuna sem ætlaði yfir gerðið, en ætlaðu að losa þig við merina og folaldið líka?“

„JÁ, ÞETTA FOLALD ER ALGER TITTUR OG MERIN ER GREINILEGA GÖMUL. ÞAÐ ER EKKERT AÐ GERA NEMA SENDA ÞETTA Í SLÁTURHÚSIÐ.“

Ég finn á mér að eitthvað skelfilegt er í vændum. Ég hleyp með fram skemmuvegnum og leita að leið út til að finna bara einn lítinn glugga, litla hurð og svo stóru dyrnar. Ég prófa að ýta á litlu hurðina en hún er pikkföst. Ég hleyp að stóru hurðinni og ýti á hana en hún er líka lokuð.

Hjartað slær hraðar af spennungi. Þetta virðist vera svipað járnstykki og er á skemmuni heima og hana kann ég að opna. Ég ýti varlega á járnstykkið en ekkert gerist.

Önnur umferð: Ljóð eftir Braga Valdimar Skúlason

Inngangur kynnis

Bragi Valdimar Skúlason fæddist árið 1976 á Ísafirði, þjó í Hnífsdal en fluttist til Reykjavíkur árið 1991.

Hann stundaði nám í Menntaskólanum í Hamrahlíð og fór síðan í íslenskunám við Háskóla Íslands. Bragi Valdimar er landsmönnum að góðu kunnur sem Baggalútur og umsjónarmaður skemmtipátta í sjónvarpi. Hann hefur undanfarin ár verið einn vinsælasti laga- og textahöfundur þjóðarinnar og margir þeirra orðið fólki hugstæðir. Kveðskapur hans er fjölbreyttur og má þar nefna gamankvæði, ástarljóð, ferðavísur, lífsspeki og kvæði um stytur og menn svo dæmi séu tekin.

Árið 2022 hlaut Bragi Valdimar verðlaun Jónasar Hallgrímssonar sem veitt eru árlega á degi íslenskrar tungu þeim einstaklingi sem hefur með sérstökum hætti unnið íslenskri tungu gagn í ræðu eða riti.

Nemendur geta nú valið milli tíu ljóða Braga Valdimars en þau eru:

Já	Afi minn og amma mín
Pláss	Fjórar áttir
Vísur Hnífsdælinga	Takk fyrir okkur
Beturheimur	Andvökuvísa
Hvíld	Jólin eru okkar

Óhjákvæmilegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

Góða skemmtun!

Já

Ef veröldin er öll á versta máta
svo voðaleg, þig langar mest að gráta
skaltu bregða birtu á vör,
brosið láta ráða för
– þá ógleði og depurð undan láta.

Ef flestir þínir dagar enda illa
og áhyggjurnar svefnfriðinum spilla.
Þá skaltu vinur bera á borð
bráðsnjallt tímamótaorð
– þá ættir þú í sólskin senn að grilla.

Ef veröldin er öll með versta móti
verulega grá og full af sóti.
Mýktu sitthvort munnvikið
og mjakaðu þeim uppávið.
– Hver veit nema sólin senn upp þjóti?

Gangir þú með kvíðahnút til hvílu
í hverju skúmaskoti sérðu grýlu.
Hefðu daginn hreykinn á
að hrópa á spegilinn þinn: Já!
– Láttu aðra um að fara í fýlu.

Pláss

Lífið mun alltaf leita í var

– og lausn frá kvöl og þínu.

Breiðum út faðminn og færum því svar.

Finndu til pláss í hjartanu þínu.

Þau eru` á flóttu á framandi grund

– fjarri öllu sínu.

Búum þeim skjól til að bíða um stund.

Búðu til pláss í hjartanu þínu.

Sendum þau ekki mót sorg og neyð

– í sandinn drögum línu.

Getum við ekki greitt þeirra leið?

Gefðu þeim pláss í hjartanu þínu.

Hjálpumst öll að – búum þeim stað.

Búðu til pláss í hjartanu þínu.

Vísur Hnífsdælinga

Í Hnífsdal búa heiðursmenn og – konur
sem hafa út við djúpið numið stað.
Þar hefur dalsins dóttir, jafnt sem sonur
séð draum og vonir rætast, sitt á hvað.
Þó fram á hafið æviárin fjúki
má ylja sér við mynd af byggð við sæ
í æskudraumi, þegar þú varst þúki
og áttir þar þinn fyrsta heimabæ.

Svo þegar villtur vetur hingað ratar
og vestfirsk nóttin gerist helst til myrk
við eigum skjól og frið í faðmi hvatar
og finnum okkar sameinaða styrk.
Þá lúrir drifhvít ógn í hynnum háum
á Hnífinn blikar innst í fjallasal.
Enn þegar loks að vori sól við sjáum
hún sveipar hlýju okkar góða dal.

Beturheimur

Það gleymist oft í amstri langra daga
að öðlast hugarró og sálarfrið.
Hjarta sitt og hugsun ná að aga
og heilsa deginum, að gömlum sið.
Heppnist þetta vel, er segin saga
að sannur tónn mun opna lokuð hlið.
Við bætum óðar það sem þarf að laga,
því þannig batnar heimurinn – og við.

Við gleymum flest að halda því til haga
sem heyrir gegnum tímans djúpa nið.
Lærdóm má af honum dýran draga
sem draumum okkar veitir styrk og lið.
Þá stundirnar, sem áfram stanslaust kjaga,
stíga fylltar bjartsýni á svið
og óðar verður allt sem þarf að laga
ofurlítið betra – sem og við.

Hvíld

Hvíld er í hádegisblundi.

Hvíld er í því að dorma með hönd undir kinn.

Hvíld er í friðsælum fundi

og falla í svefn oní uppáhalds svæfilinn sinn.

Hvíld er í hljóðlátum draumi.

Hvíld er í því að sofna frá hnausþykkri bók.

Hvíld er að lúra í laumi

og láta sig falla í notalegt miðdegismók.

þei þei, þei þei og bú.

þei þei, og þegðu nú.

þei þei – hvíldu þig. Hvíld er góð.

Hvíldin er sæt og góð.

Afi minn og amma mín

Afi minn og amma
eru sæt og fín.
Úti á bakka búa
með öll bætiefnin sín.
Amma eldar kjötfars
og afi tyggur skro
og gengur um í grænum inniskóm
sem gjarnan mætti þvo.

Amma á alltaf köku
og eitthvað nammigott
og gömmu af gömlu drasli
sem er gagnslaust, en samt flott.
Og alskeggið hans afa
er ótrúlega þykkt
og af því leggur glettilega góða
gamalmennalykt.

Þau eru sæt og klár
hafa verið til í þúsund ár.

Fjórar áttir

Kannski eigra ég í austur
þar sem andann beisla menn
– þeir segja mér að sólin rísi þar.
En kannski villist ég í vestur
þar sem vonin tórir enn
og syrgi allt sem einu sinni var.

Kannski nem ég lönd í norðri
þar sem napur vindur hvín
þar sem depurðin er dularfull og sæt.
Og kannski sest ég að í suðri
þar sem sólin gjarnan skín
og öldunum er sama ef ég græt.

Fjórar áttir um að velja
ekki veit ég hver er rétt
en ég verð nú samt að velja eina af þeim.
Ein er hlykkjótt, önnur þröng,
ein er skelfilega löng
– en sú rétta liggur hugsanlega heim.

Takk fyrir okkur

Sólin rís í austri enn á ný.
Ótrúlega kringlótt, gul og hlý.
Hún fær sér morgundögg í morgunverð.

Árrisul og stundvís stefnir hátt
stímir, að ég held, í vesturátt.
Hún er iðulega ein á ferð.
Hún er einfaldlega þannig gerð.

Á himinskautum daglangt dólar sér
það draumastaða hveggjar sólar er.
Svo sest hún niður þegar hún er þreytt
það finnst okkur hinum dálldið leitt.

Komdu nú blessuð og komdu nú sæl.
Komdu með allan þinn yl.
Takk fyrir okkur og takk fyrir allt.
Takk fyrir að vera til.

Andvökuvísa

Sofa ísskápar við eldhúsvaska
ýlfra á köttinn og enginn þá svæfir.
Sefur hurðarhúnn á hurðargarmi
helblár af kulda og enginn hann svæfir.
Sofa hjólbarðar í hjólageymslum
hjúfra sig saman en enginn þá svæfir.
Sofa farsímar í flauelsjökkum
fastir á sælent og enginn þá svæfir.
Sofa nuddpottar við norðurljós
nístandi kaldir og enginn þá svæfir.
Sefur vatnskassi í vélarhúddi
vonlítill, kalinn og enginn hann svæfir.
Sefur sturtuhaus á sturtubotni
starir í ræsið og enginn hann svæfir.

Sitja mannabörn við sjónvarpsskjái
sjá ekki myrkrið og neita að sofna.

Jólin eru okkar

Jólin eru kertaljós og knús
kanilangan, piparkökuhús.
Jólin eru minningin um það
sem einhvern tímann fann sinn hjartastað
og settist að.

Jólin eru gleði og glæný bók
gömul mynd sem einhver forðum tók.
Jólin eru endurtekningin,
þau eru barnsleg eftirvæntingin – í sérhvert sinn.

Jólin eru ljúfsár leyndarmál
lágnætti og mandarínuskál.
Jólin eru tími fyrir blund
og löngu tímabæran endurfund – við liðna stund.

Jólin eru máðar minningar
sem mildilega fegra allt sem var.
Jólin eru sáttmáli um frið
sem við gerum allan heiminn við – hlið við hlið.

Jólin eru okkar og allt sem fylgir þeim
– lýsa upp töfraheim.

Jólin eru okkar og hvernig sem allt fer
ég óska mér – að eyða þeim með þér.